



Skólaráðsfundur 6. maí 2026

Fundinn sátu: Karítas Björnsdóttir, Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Þ. Elenóra Jónsdóttir, Kristján Bjarni Halldórsson, Kristbjörg Kemp, Emilía Ragnheiður nemendafulltrúi í 10. bekk. Atli Víðir Arason húsvörður kom inn á fundinn í upphafi og vék af fundi eftir fyrsta lið.

1. Húsnæðismál.

Viðhald og framkvæmdir.

Atli fór yfir áætlun um viðhald og framkvæmdir sem hann og fulltrúar frá sveitarfélaginu hafa unnið að. Farið hefur verið yfir brunakerfið og ljóst að talsverðar endurbætur eru á dagskrá. Skipta þarf um efni í snjóbræðslu við skólann. Nýir snagar í A-álmum og geymsluhólf verða keypt. Mála á ganga í A-álmum í sumar. Verið er að skoða bón á göngum í sumar. Setja þarf nýtt anddyri á A-álmum við fyrsta tækifæri og innihurðir í A-álmum þar næsta haust. Rætt um hvort brunavarnir ættu að heyra undir öryggismál en ekki eignasjóð.

2. Fréttir úr starfinu.

Kennarar skólans hafa verið að vinna að námskrám og námsáætlunum. Rætt um menningar- og leikhúsfélag 9. bekkjar í lok apríl, vorferðir árganga og skólaferðalag 10. bekkinga til Danmerkur. Nord plus umsókn hefur verið samþykkt. Verkefnið er borg sem unnin verður í Minecraft. Kristján fór yfir undirbúning næsta skólaárs og sagði frá starfspróunarviðtölum sem hafa verið í gangi við starfsfólk skólans. Auglýst hefur verið eftir deildarstjóra miðstigs innan skólans. Fundir hafa verið haldnir með fulltrúum sveitarfélagsins þar sem línur eru lagðar með mönnunarlíkan að vopni.

3. Menntastefna Skagafjarðar.

Komin á heimasíðu sveitarfélagsins og Árskóla.

Byrjum í vor á vinnu sem snýr að innra mati og aðferðum þess innan skólans.

4. Önnur mál

- a) Rætt um hvort ályktun frá skólaráðsfundi varðandi skólaakstur hafi komist til skila. Rætt um hvort senda ætti áskorun á nýtt byggðaráð varðandi lengd tímabils.

- b) Foreldrafélagið sendi inn áskorun varðandi mokstur á gangstéttum, sérstaklega í ljósi þess að börn væru meira fótgangandi eftir að skólaakstri lyki.
- c) Kristján les upp áskorun frá skólaráði sem mun fara til nýrrar fræðslunefndar. Áskorunin varðar sérgreinastofur í Árskóla.

„Skólaráð Árskóla vekur athygli fræðslunefndar á brýnni þörf fyrir bættu aðstöðu fyrir sérgreinakennslu við skólann. Núverandi húsnæði uppfyllir ekki kröfur um fullnægjandi aðstöðu fyrir náttúrufræði, textílmennt og tónmennt, sem hefur áhrif á möguleika nemenda til fjölbreytts og vandaðs náms.

Skólaráð leggur áherslu á að ráðist verði í markvissar aðgerðir til úrbóta og skorar á fræðslunefnd að beita sér fyrir því að unnin verði heildstæð þarfagreining á aðstöðu skólans sem undanfara hönnunar á nýju eða endurbættu húsnæði. Slík greining þarf að taka mið af núverandi og framtíðarþörfum nemenda og starfsfólks, þróun kennsluhátta og kröfum nútímans til sérhæfðs námsumhverfis.

Skólaráð telur mikilvægt að þessi vinna fari fram án tafar svo tryggja megi að nemendur fái aðgang að viðeigandi aðstöðu til náms í öllum greinum og að skólinn geti sinnt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti til framtíðar.“

- d) Rætt um tónmenntakennslu innan grunnskóla, sem er ekki skyldufag en ætti alltaf að vera valmöguleiki.
- e) Karitas sagði frá fyrirkomulagi pantana foreldra á myndum af börnum sínum. Ljósmyndari mun stofna heimasíðu sem heldur utan um pantanir og greiðslu. Hugmynd er um að bæta 10. bekkingum inn í þessar myndatökur með tilliti til mynda af þeim á skólaslitum, í skólablað og passamyndir sem foreldrar myndu greiða sérstaklega.